

Háigrandi hf.

16. febrúar 2015

Stjórnarfundur.

Miðvikudaginn 16. febrúar 2015, var haldinn stjórnarfundur í Háagrandi hf. Fundurinn var haldinn á skrifstofu Hafnarfjarðarhafnar og sátu allir stjórnarmenn Háagrandi hf., Magnús Gunnarsson, Már Sveinbjörnsson og Garðar Smári Gunnarsson fundinn.

Jón Hákon Hjaltalín, löggiltur endurskoðandi, mætti til fundarins. MS ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur Háagrandi hf. fyrir árið 2014:
Lagður fram ársreikningur Háagrandi hf. fyrir árið 2014. Þar kemur fram að engin starfsemi var hjá félaginu. Engar tekjur voru hjá félaginu, en útgjöld voru vegna endurskoðunar, ársreikningagerðar og útvarpsgjalds.
2. Stjórn Háagrandi hf. samþykkti ársreikninginn einróma fyrir sitt leyti og áritaði hann.
3. Stjórn Háagrandi hf. leggur til að hluthafar félagsins samþykki að afturkalla tilkynningu um hlutafjárlækkun í Háagrandi hf.
4. Stjórn Háagrandi hf. leggur til við hluthafa að félaginu verði breytt í Háigrandi ehf. og að því loknu verði félaginu slitið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Magnús Gunnarsson	(sign)
Garðar Smári Gunnarsson	(sign)
Már Sveinbjörnsson	(sign)